

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 144/2009 um tæknifrjógvun.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað "10 ár" í 1. mgr. kemur: 35 ár.

b. Í stað "20 ár" 2. mgr. kemur: 50 ár.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þjónustuveitandi skal tilkynna eigendum geymdra fósturvísa og eigendum kynfrumna þegar til stendur að eyða geymdum fósturvísunum eða kynfrumum. Tilkynningin skal send skriflega og með hæfilegum fyrirvara en þó eigi síðar en 6 mánuðum fyrir áætlaða eyðingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 8. júní 2023.

Willum Þór Þórsson.

Ásthildur Knútsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.